

Starfsáætlun leikskólans Akra árið 2012-2013

Helstu verkefni og áherslur

Leggja áherslu á grunngildi leikskólans Akra sem eru virkni og vellíðan.

Vellíðan barna eru höfð í fyrirrúmi enda verður börnunum að líða vel í leikskólanum svo þau geti tekið þátt.

Starfið er svo skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna. Gengið er út frá því að börnin hafa eitthvað til málanna að leggja um allt sem varðar þeirra með tilliti til aldurs og þroska.

- Skapa menningu á Ökrum.
- Skapa okkar eigin hefðir og venjur.
- Byrja að vinna að námsskrá leikskólans með hliðsjón af Aðalnámsskrá leikskóla.
- Leggja aðaláherslur á læsi, heilbrigði og velferð og sköpun.
- Heimasíðan sé virk fyrir upplýsingar og starfssemi leikskólans.
- Þróa tvískipta matar- og kaffitíma barnanna.
- Stuðla að því að öll rými leikskólans séu nýtt þannig að börnin eru jafnt úti sem inni á sama tíma.

Áherslur í foreldrasamstarfi

- Þróa þátttökuaðlögun. Hún byggir á því að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum.
- Stofna foreldraráð og foreldrafélag.
- Þjóða upp á foreldraviðtöl.
- Stuðla að nánu samstarfi, gagnkvæmu trausti og að virðing skapist á milli heimili og skóla.

Stefna í starfsmannahaldi.

- Byggja upp góðan starfsanda þar sem allir eru í sama liði og hjálpist að.
- Að leita eftir mannauði hvers og eins.
- Að dreifa ábyrgð og deila verkefnum.
- Morgunfundir þar sem fulltrúar deildanna komi saman daglega og fari yfir daginn ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Markmið okkar er að allir fái að blómstra á Ökrum ☺